

# Fréttabréf Brimvers - Æskukots

Febrúar 2016

„svona er er veröldin okkar sem laðar og lokkar“

Árið hefur farið vel af stað og tíminn líður hratt. Við finnum að daginn er farið að lengja og njótum þess sem hver dagur hefur upp á að bjóða í leik og starfi. Við höfum notið þess að leika úti í snjónum og fylgjast með fuglunum og veðrabreytingum. Hver árstíð hefur sinn sjarma og það er gott að geta notið þess hér við ströndina, þar sem himinn og haf með sitt sólarlag skartar oft öllum regnbogans litum.

Ég vil hvetja foreldra/forráðamenn til að hafa samband við undirritaða ef eitthvað er sem betur má fara í skólastarfinu, einnig ef þið hafið hugmyndir um það sem getur auðgað starf skólans.

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri



## Mikilvægar dagsetningar í febrúar

2. febrúar – Bókasafnsferð í BES nemendur fæddir 2011

3. febrúar – Brúnn litadagur

5. febrúar - Haldið upp á dag leikskólans í leikskólanum. Samverustund var í sal söngur og gleði ☺

6. febrúar – Dagur leikskólans

8. febrúar – Bolludagur

9. febrúar – Sprengidagur

9. febrúar - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2010 sem allir eru í umhverfisnefnd. Fundur í umhverfisnefnd verður haldinn í BES kl.

10:40. Sigrún Ína Ásbergisdóttir, hjúkrunarfræðingur, stefnir á að vera með umhverfisnefnd á fundinum í BES. Fjallað verður um virðingu fyrir líkamanum, andlegri heilsu og virðingu fyrir náunganum.

Foreldrar eru alltaf velkomnir á fundi umhverfisnefndar ☺

10. febrúar – Öskudagur, furðuföt og öskudagskemmtun í sal ☺

16. febrúar - Bókasafnsferð í BES á Stokkseyri, nemendur fæddir 2012

19. febrúar – Í tilefni af konudegi sem er sunnudaginn 21. febrúar er foreldrum/forráðamönnum boðið í morgunhressingu þegar þeir mæta með börnin í leikskólann. Morgunhressing verður í boði til kl.

10:00. Velkomið að bjóða ömmu og afa í heimsókn ☺

## Efnisyfirlit

Mikilvægar dagsetningar í

febrúar ..... 1

Skyndihjálparnámskeið ..... 2

Dagur leikskólans 2016 ..... 3

Raddir nemenda: ..... 3

Leikur og nám ..... 4

Bóndadagurinn ..... 4

Konudagurinn ..... 4

Starfsdagar og sumarfrí ..... 4

Skóli á grænni grein ..... 5

Kroppurinn er kraftaverk –  
um bókina ..... 5

Hlutverk foreldra í lestrarnámi  
og vinna við gerð læsisstefnu... 5

## Skyndihjálparnámskeið

Starfsfólk leikskólans sótti námskeið í skyndihjálpar hjá Rauða krossi Íslands, Árnassýsludeild á starfsdegi 18. janúar sl. Mikil ánægja var með námskeiðið sem var afar fræðandi og námsefnið vel fram sett. Kennari var Rafal Marcin Figlarski sem fær okkar bestu þakkir.



Það er mikilvægt að hafa þekkingu og innsýn í fyrstu hjálpar og viðbrögð við veikindum og slysum. Með því er hægt að veita fyrstu hjálpar þegar á reynir. Við viljum nota tækifærið og benda á [heimasíðu](#) Rauða kross Íslands og segja frá því að Rauði krossinn á Íslandi hefur gefið út skyndihjálparapp sem við mælum með að fólk kynni sér vel. Hér er hægt að smella á [myndband](#) og kynna sér appið.

Í skyndihjálparappinu má nálgast allar helstu upplýsingar um skyndihjálpar, fræðast um skyndihjálpar, prófa þekkingu sína í fræðunum á gagnvirkum hátt, skoða myndbönd, og ef um neyðarástand er að ræða er hægt að ná beinu símasambandi við Neyðarlínuna.



## Dagur leikskólans 2016

Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins í níunda sinn 5. febrúar 2016. Hinn eiginlegi **Dagur leikskólans** er 6. febrúar á þeim degi árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmið dagsins er að beina sjónum að leikskólanum og því kraftmikla starfi sem þar fer fram á degi hverjum.

Í Brimveri – Æskukoti var haldið upp á daginn á báðum starfsstöðvum með samverustund í sal, þar var söngur, dans og gleði. Ýmislegt annað var gert til að halda upp á daginn inni á hverri deild. Meðal annars voru skráð niður svör nemenda þegar þeir voru spurðir hvernig dagurinn þeirra væri í leikskólanum. Hér eru nokkrar frásagnir þar sem nemendur lýsa sínum leikskóladegi og fá raddir nemenda hljóm.

### Raddir nemenda:

„Þegar ég fer í leikskólann þá fer ég að leika mér við Xxxx og vini mína svo fer ég í val og leika. Borða hádegismat fara í hvíld og svo fer ég út að leika. Svo er ég að læra stafi og líka skrifa og líka læra að vera vinir. Fara svo í söngstund og borða brauð“ (K. f. 2010).

„Ég fer í söngstund svo fer ég út að leika og í hvíld svo fer ég líka í val. Ég fer í myndlist og skoða bækur svo fer ég líka í spil og lita og skrifa“ (A. f. 2010).

„Ég fer að kubba og lita fara út og leika mér í snjónum. Læra stafi og svo fer ég að perla, gaman að leika mér, teikna, leika við vini mína, gaman að fara í hreyfingu. Gaman að mála og fönndra og gaman að leika við dýrin sín“ (H. f. 2010).

„Ég borða morgunmat svo fer ég í frjálstan leik. Gaman að fara í hreyfingu og gaman í söngstund og gott að fá hádegismat. Skemmtilegt að fara í hvíld og hlusta á sögu. Ég fer líka út að leika, þvæ mér og kem svo í kaffitíma“ (G. f.2010).

„Ég mála í leikskólanum. Ég fæ graut með rúsínum. Ég fer líka í val og út að leika og í hreyfingu, læra stafi og skrifa og fá broskarla. Gaman að syngja og fara í kaffitíma og svaka gaman að fara í bókasafnið og skólann“ (D. f.2010).

Mér finnst gaman í leikskólanum því við leikum saman með dót, dúkkur. Erum í vali og þar fer ég í dúkkó. Úti leikum við í snjónum eða sandkassanum, rennum og hjólum“ (M. f. 2011).

„Leikum úti í sandkassanum, rólum, rennum okkur í rennubrautinni. Inni leik ég í dúkkó, ganga frá. Það er gaman í leikskólanum“ (D. f. 2011).

„Leikum okkur inni, litum, leirum. Úti leikum við í sandkassanum, rólum, hjólum og hlaupum á lóðinni. Það er gaman í leikskólanum. Það er gaman að læra stafi. Lesum skemmtilegar bækur“ (O. f. 2011).

„Morgunmatur, val fara út að leika. Mér finnst gaman að vera í leikskólanum“ (S. f.2011).

„Við leikum úti og inni. Rólum og hjólum. Borðum góðan mat. Fara heim“ (H. f. 2012).

## Leikur og nám

Þegar þessar frásagnir nemenda eru lesnar, má sjá að leikurinn er þeim hugleikinn. Í leikskólanum er leikurinn námsleið sem vert er að huga vel að. Leikurinn er oft töfrum hlaðinn, þar getur allt gerst, margt er æft og lært í gegnum leikinn. Frásögn nemenda á leikskóladeginum er góð lýsing á því sem gert er „Við leikum úti og inni. Rólum og hjólum. Borðum góðan mat. Fara heim“ (H. f. 2012). Áhugavert er að kynna sér hvernig leikur og nám fléttast og er samofið starfi leikskólans.

[Hér](#) er hægt að sjá áhugaverða grein sem Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Jötunheimum, skrifaði um leikinn og það nám sem þar getur átt sér stað.

Þar kemur fram hjá Guðnýju Ingibjörgu: „Leikurinn fer fram bæði úti og inni. Barnið getur leikið eitt og gerir það til að byrja með því þroski þess er á þeim stað. Það fer svo smám saman að leika við önnur börn og fara í hlutverk og þegar leikurinn er kominn á það stig fara fram mikil samskipti, það fer fram málrækt, hreyfing, bæði grófhreyfing og fínhreyfing“.

## Bóndadagurinn

Í tilefni af bóndadegi og komu þorra var foreldrum, afa og ömmu boðið í leikskólann að morgni bóndadags, þar sem boðið var upp á hafragraut, lýsi, hákarl og harðfisk. Við þökkum þeim fyrir komuna sem mættu okkar, það er alltaf gaman að fá góða gesti í heimsókn. Í hádeginu var svo boðið upp á þorramat og voru nemendur áhugasamir um matinn, heiti þess sem boðið var upp á og dugleg að smakka.

## Konudagurinn

Í tilefni af konudegi sem er sunnudaginn 21. febrúar er foreldrum/forráðamönnum boðið í morgunhressingu föstudaginn 19. febrúar nk. þegar þeir mæta með börnin í leikskólann. Morgunhressing verður í boði til kl. 10:00, velkomið að bjóða ömmu og afa í heimsókn 😊

## Starfsdagar og sumarfrí

- ✓ 17., 18. og 21. mars 2016, leikskólinn verður lokaður þrjá starfsdaga vegna námsferðar starfsfólks til Birmingham.
- ✓ 27. apríl 2016, leikskólinn lokaður – Starfsdagur.
- ✓ Sumarfrí leikskólans 2016 er frá og með 30. júní til og með 3. ágúst.

## Skóli á grænni grein

Okkur gengur vel að vinna að verkefninu „skóli á grænni grein“. Þemað sem við leggjum áherslu á er lýðheilsa og hefur bókina „Kroppurinn er kraftaverk“ gefið okkur ákveðinn tón í því starfi. Við ræðum um virðingu fyrir heilsu og líkama, tilfinningum og líðan og förum yfir líkamsheiti. Verkefnið fellur vel að námssviðum leikskólans og að læsisverkefni sem unnið hefur verið að hér í Árborg.

Þriðjudaginn 9. febrúar verður bókasafnsferð í BES hjá nemendum sem eru fæddir 2010, þeir eru allir í umhverfisnefnd. Fundur í umhverfisnefnd verður haldinn í BES kl. 10:40.

Sigrún Ína Ásbergisdóttir, hjúkrunarfræðingur, mamma hennar Eydísar Unu á Fiskakletti stefnir á að vera með umhverfisnefnd á fundinum í BES. Fjallað verður um virðingu fyrir líkamanum, andlegri heilsu og virðingu fyrir náunganum. Foreldrar eru alltaf velkomnir á fund umhverfisnefndar og eru hvattir til að láta okkur vita ef þeir hafa áhuga á að koma að þessu skemmtilega verkefni með okkur. ☺

### Kroppurinn er kraftaverk – um bókina



Líkami þinn er snillingur. Hann gerir alls konar stórkostlega hluti, eins og að hoppa, stækka og lækna sárin sín. Ef þú hlustar segir hann þér hvað hann þarf til að vera hraustur og líða vel. Þessi skemmtilega bók kennir börnum að þykja vænt um líkama sinn, hugsa vel um hann og bera virðingu fyrir líkögum annarra. Það er mikilvægt veganesti sem öll börn ættu að fá að taka með sér út í lífið. Höfundur bókarinnar er Sigrún Daníelsdóttir og Björk Bjarkadóttir myndskreytti.

## Hlutverk foreldra í lestrarnámi og vinna við gerð læsisstefnu

Á [heimasíðu](#) Árborgar er sagt frá því að undirritaður var samningur milli Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, og Önnu Margrétar Sigurðardóttur, formanns Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, um gerð læsisáttmála fyrir foreldra 27. janúar sl. Samningurinn tengist þjóðarsáttmála um læsi sem Sveitarfélagið Árborg og fleiri sveitarfélög á landinu hafa þegar gert við menntamálayfirvöld. Samningsaðilar samþykkja að þeir muni vinna að því eftir fremsta megni að a.m.k. 90% nemenda í sveitarfélaginu geti lesið sér til gagns árið 2018. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og foreldrafélög til að ná markmiðum samningsins.

„Þeir tveir staðir sem mikilvægast er að halda ávallt hreinum og snyrtilegum eru hugurinn og hjartað“